

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna bs. til að taka gildi 1. febrúar 1998.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

#### B5 Búrekstur með rafmagnshitun

Orka	kr/kWh	3,35
Umframorka	kr/kWh	6,83
Afl	kr/kWh/ár	6.930,00
Fast gjald	kr/ár	8.307,00

*Iðnaðarráðuneytinu, 27. janúar 1998.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

*Steinunn Bjarman.*

21. janúar 1998

Nr. 49

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Reykjavík.

#### 1. gr.

Af hundum í Reykjavík skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. staflíð c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989, um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

#### 2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting .....	kr. 9.800
Leyfisveiting eftir útrunninn frest .....	kr. 14.900.

#### 3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald ... kr. 8.700.

#### 4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

1. Fyrsta afhending .....	kr. 13.000
2. Fyrsta afhending hunds með leyfi og ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun .....	kr. 6.500
3. Önnur afhending, hafi við fyrstu afhendingu verið greitt gjald samkvæmt 2. tl. ....	kr. 19.500.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.